

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 16. mars 2021.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson, Leifur Einar Arason og Einar Gíslason.

1. Lagabreytingar

Laganefnd hefur skilað tillögum að lagabreytingum, sjá fylgiskjal 1. Stjórn fór yfir breytingarnar. Stjórn samþykkir samhljóða breytingarnar.

Fylgiskjal 2 - Drög að lögum Fáks með breytingum. Verða lögð fyrir næsta aðalfund.

2. Aðalfundur Fáks

Stjórn ákveður að halda aðalfund 13. apríl 2021 fyrir árin 2019 og 2020. Auglýsing verður sett í loftið fyrir páska.

Auglýst verður:

- Hefðbundin aðalfundarstörf.
- Lagabreytingar.
- Samþykki um sölu á lóðum.
- Samþykki um byggingar á reiðhöllum á félagssvæði Fáks í Almannadal og Víðidal.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason

Fylgiskjal 1

Stjórn Fáks

vt. Hjörtur Bergstað, formaður.

Laganefnd Fáks, sem skipa eftirtaldir aðilar: Sigurbjörn Magnússon, Ester Harðardóttir og Þ. Skorri Steingrímsson leggur til að gerðar verði breytingar á lögum félagsins á næsta aðalfundi sem haldinn verður í apríl 2021:

Helstu breytingar eru:

1. Lagt er til að heimilt sé að kjósa löggiltan endurskoðanda/endurskoðunarfyrtæki til að endurskoða reikninga félagsins í stað tveggja bókhaldsfróðra manna.
2. Lögð er til breyting um boðun funda þ.á m. aðalfunda, þ.e. að hægt sé að auglýsa þá á heima-og fésbókarsíðu félagsins í stað skyldu til auglýsinga fundi í blöðum og útvarpi.
3. Frestur til að boða aðalfund er lengdur úr 1 viku í 2 en framboðum til formanns og stjórnar skal áfram skila viku fyrir aðalfund.
4. Þá er lagt til að afnumin sé sú regla að kjósa fulltrúa á LH þing á aðalfundi heldur kjósi stjórn alfarið þá fulltrúa sem ekki eru sjálfkjörnir.
5. Þá er lagt til að ekki þurfi lengur 1/5 hluti félagsmanna að mæta á aðalfund til að hægt sé að afgreiða tillögur til lagabreytinga heldur sé nægjanlegt að 2/3 hluti fundarmanna að samþykki þær enda sé fundurinn lögmætur að öðru leyti.

Gerðar eru tillögur um breytingar á 7 greinum í lögum félagsins sem hér segir:

3.gr.

1. Við 3. gr. bætist svohljóðandi setning á eftir 1 másl.: *„Þeir sem óska eftir að gerast félagsmenn skulu sækja um það, t.d. með tölvupósti eða á heimsíðu félagsins eða öðrum sannanlegum hætti. Stjórn metur hvort umsókn sé gild.“* Þá fellur 2. másl. 3. gr. niður sem er svohljóðandi: *„Umsókn skal lögð fram á sérstöku eyðublaði sem félagið gerir í þessu skyni.“*

5. gr.

2. Í 1. mgr. 5. gr. er leiðrétt stafsetningarvilla. Í stað orðsins „að“ kemur orðið „en“. Í 5. mgr. 5. gr. koma inn orðin „og bókhaldi“ og lýtur mgr. þannig út eftir breytingu: *„Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum og bókhaldi félagsins.“* sem jafnframt verður ný 5. mgr. 5. gr. Inn kemur ný mgr. sem verður 6. mgr. 5. gr. svohljóðandi:

„Aðalfundur kýs a.m.k. einn endurskoðanda, endurskoðunarfyrtæki eða skoðunarmann. Skoðunarmaður, ef hann er ekki endurskoðandi, skal hafa þá reynslu af bókhaldi og reikningsskilum sem með hliðsjón af stærð og starfsemi félagsins telst nauðsynleg til rækslu starfans. Óhæðisskilyrði V. kafla laga nr. 94/2019 um endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.“ Út úr 6. mgr. 5. gr. fellur eftirfarandi másl.; „Aðalfundur kýs tvo bókhaldsfróða menn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga félagsins.“ og verður greinin eftir það 7. mgr. 5. gr. Til verður ný 8. mgr. 5. gr. svohljóðandi: „Endurskoðendur þurfa ekki að vera félagar í Fái.“ Síðari hluti 8. mgr. fellur niður svohljóðandi; „Framboðum til stjórnar skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.“

6. gr.

3. Í 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi setning á eftir 1. másl.; „Fundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða til fundar með auglýsingu á vefsíðu félagsins og fésbókarsíðu eða með ábyrgðarbréfi eða með auglýsingu í dagblöðum og útvarpi.“ Jafnframt er lagt til að síðasti másl. 1. mgr. falli niður svohljóðandi; „Fundir skulu boðaðir með þriggja daga fyrirvara með auglýsingu í dagblöðum og útvarpi eða með bréflægri tilkynningu.“

7. gr.

4. Í 1. mgr. 1. másl. 7. gr. koma orðin „tveggja vikna“ í stað orðsins „viku“. Þá kemur inn ný setning í lok 1. mgr. svohljóðandi; „Það sama gildir um tillögur til lagabreytinga skv. 3. tl. 2. mgr., sbr. 16. gr.“ Í 2. mgr. 1. tl. 7. gr. fellur niður orðið „fjölfaldaða“. Í 5. tl. 2. mgr. 7. gr. fellur niður og komi nýtt orðalag svohljóðandi: „Kosinn a.m.k. einn skoðunarmaður, endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki, skv. 5. gr.“ Við 7. gr. bætist ný mgr. sem verður 3. mgr. svohljóðandi; „Framboðum til stjórnar, þ. á m. til formanns, skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.“

12. gr.

5. Úr 12. gr. fellur niður eftirfarandi setning í 3. másl.: „Kosið er um aðra fulltrúa á aðalfundi félagsins en einungis félagar sem fá 5 atkvæði eða fleiri eru kjörgengir.“

14. gr.

6. Við 14. gr. bætist ný setning á eftir 2. másl. svohljóðandi; „Stjórn hefur heimild til veðsetningar eigna án þess að bera það sérstaklega undir félagsfund en ávallt skal upplýsa um slíkt á aðalfundi.“

16. gr.

7. Úr 1. mgr. 16. gr. fellur niður eftirfarandi orðalag; „þar sem mættir eru minnst 1/5 – einn fimmti - hluti lögmætra félaga“. Þá fellur niður 2. másl. 1. mgr. sem er svohljóðandi: „Mæti

of fáir, skal boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillögur til lagabreytinga gildi ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja þær, án tillits til fundarsóknar.“ Við 2. mgr. 16. gr. bætist eftirfarandi setning: „Vilji stjórn félagsins gera tillögur til breytinga á lögum félagsins skal þeirra helstu getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi í heild sinni á skrifstofu félagsins ásamt tillögum félagsmanna viku fyrir aðalfund, sbr. 7. gr.“

Gjört í Reykjavík 9. mars 2021

Sigurbjörn Magnússon

Ester Harðardóttir

Þ. Skorri Steingrímsson

Fylgiskjal 2

HESTAMANNAFÉLAGIÐ FÁKUR

LÖG FÉLAGSINS

1. grein

Félagið heitir Hestamannafélagið Fákur. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er að efla áhuga á hestum og hestaíþróttum og jafnframt að gæta hagsmuna félaga sinna á því sviði. Þessu markmiði hyggst félagið ná með því að meðal annars:

- Að reiðvegir séu gerðir frá borginni sem víðast og þannig, að önnur umferð verði til sem minnstrar hindrunar og óþæginda. Vegum þessum sé ávallt haldið við eins vel og efni og ástæður leyfa.
- Að halda mannvirkjum í eignum félagsins í sem bestu ástandi og tryggja góða aðstöðu fyrir mótahald og hvers konar hestaíþróttir. Að kappreiðar og aðrar keppnisíþróttir verði háðar og sýningar haldnar á vegum félagsins eins oft og henta þykir. Heimilt er að starfsrækja veðbanka í sambandi við kappreiðar.
- Að vinna að því, að flutt sé á vegum félagsins fræðsluerindi um hestaíþróttir, hrossarækt og önnur málefni á áhugasviði hestamanna.
- Að birta árlega skýrslu um helstu störf á vegum félagsins, þar verði verði m.a. greint frá úrslitum úr mótahaldi félagsins.
- Að eiga og reka félagsheimili fyrir félaga sína.
- Að stuðla að öflugu æskulýðsstarfi.

3. grein

Félagar geta allir orðið, er áhuga hafa á hestum og hestaíþróttum. Þeir sem óska eftir að gerast félagsmenn skulu sækja um það, t.d. með tölvupósti eða á heimsíðu félagsins eða öðrum sannanlegum hætti. Stjórn metur hvort umsókn sé gild. Nýjir félagar öðlast öll félagsréttindi með greiðslu árgjalds. Þeir félagar, er náð hafa sjötugsaldri, skulu undanþegnir greiðslu árgjalds, enda hafa þeir verið félagar í a.m.k. 5 ár. Ævifélagar halda fullum réttindum til æviloka. Félagar bera ekki fjárhagslega ábyrgð vegna skuldbindinga félagsins umfram greiðslu árgjalds.

4. grein

Félagar, sem skulda árgjald frá fyrra ári, hafa ekki rétt til að taka þátt í keppnum á vegum félagsins né réttindi á fundum þess á nýju starfsári, (sem er hið sama og reikningsár félagsins) fyrr en þeir hafa greitt skuld sína. Að öðrum kosti falla þeir úr félagsskrá 1. janúar það ár. Viðkomandi getur ekki öðlast félagsréttindi á ný nema eldri skuld sé greidd. Brjótí félagi alvarlega af sér gegn lögum og reglum félagsins, er stjórn þess heimilt að víkja honum úr félaginu. Brotviknum félagi er heimili að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

5. grein

Stjórn félagsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur, sem kosnir eru á aðalfundi skriflegri og óbundinni kosningu, formaður til eins árs, en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára.

Formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur skal kjósa skriflega hvern útaf fyrir sig. Úr stjórninni ganga annað árið formaður, ritari og tveir meðstjórnendur, en hitt árið formaður, gjaldkeri og hinir tveir meðstjórnendurnir.

Stjórnin kys sjálf varaformann úr sínum hópi. Forfallist ritari eða gjaldkeri, skipar stjórnin einhvern úr sínum hópi í þeirra stað. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur ásamt félagsstjórninni yfirumsjón með öllum framkvæmdum þess, eins og ákvörðun aðalfundar og lög félagsins mæla fyrir. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að sjá um skrifstofuhald, fjárvörslu og daglegan rekstur félagsins.

Formaður boðar stjórnarfundum eins oft og þurfa þykir og stjórnar þeim. Skytt er honum einnig að boða stjórnarfundum, ef fjórir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef minnst fjórir stjórnarmenn eru mættir á fund. Ritari heldur gerðarbók á fundum.

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum og bókhaldi félagsins.

Aðalfundur kýs a.m.k. einn endurskoðanda, endurskoðunarfyrtæki eða skoðunarmann. Skoðunarmaður, ef hann er ekki endurskoðandi, skal hafa þá reynslu af bókhaldi og reikningsskilum sem með hliðsjón af stærð og starfsemi félagsins telst nauðsynleg til rækslu starfans. Óhæðisskilyrði V. Kafla laga nr. 94/2019, um endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

6. grein

Stjórn félagsins boðar félagsfundum eins oft og þurfa þykir. Sama er, ef minnst tíu félagar æskja þess skriflega og tilgreina fundarefni. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða til fundar með auglýsingu á vefsíðu félagsins og fésbókarsíðu eða með ábyrgðarbréfi eða með auglýsingu í dagblöðum og útvarpi.

Fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og minnst 30 lögmætir félagar sitja hann. Afl atkvæða skal ráða úrslitum allra mála á fundum félagsins nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

Formaður eða staðgengill hans setur fundi og lætur kjósa fundarstjóra í byrjun fundarinnar. Hinn kjörni fundarstjóri úrskurðar í byrjun fundarinnar, hvort löglega hafi verið til hans boðað og hvort hann sé lögmætur. Sé fundur ekki lögmætur, má boða til hans að nýju á venjulegan hátt og er hann þá lögmætur án tillit til þess, hversu margir eru mættir. Félagar yngri en 16 ára hafa ekki kosningarétt eða kjörgengi.

7. grein

Aðalfundur skal eigi halda síðar en í apríl ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum 6. gr. en þó með minnst tveggja vikna fyrirvara. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi á skrifstofu þess, félögum til athugunar í sjö daga fyrir aðalfund. Það sama gildir um tillögur til lagabreytinga skv. 3. tl. 2. mgr., sbr. 16. gr.

Dagskrá aðalfundar sé:

1. Formaður leggur fram og skýrir skýrslu stjórnarinnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Gjaldkeri skýrir og leggur reikninga félagsins fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal jafnframt lögð fram.
3. Lagabreytingar skv. 16. gr.
4. Kosin stjórn skv. 5. gr.
5. Kosinn a.m.k. einn skoðunarmaður, endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skv. 5. gr.
6. Ákvörðun árgjalds skv. 8. gr.
7. Önnur mál, sem félagið varðar.

Framboðum til stjórnar, þ. á m. til formanns, skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

8. grein

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Árgjald félaga skal ákveðið á aðalfundi árlega.

9. grein

Stjórn félagsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Heiðursfélagar geta þeir einir orðið, sem sýnt hafa frábæran árangur og dugnað í störfum sínum til eflingar féluginu og markmiðum þess.

10. grein

Reglur um kappreiðar skulu vera samkvæmt samþykktum Landsambands hestamanna (LH). Stjórn félagsins setur reglur um rekstur veðbanka skv. lögum og reglum þar að lútandi.

11. grein

Stjórn félagsins ákveður hvenær hestamót skulu haldin og skipar starfsmenn eftir því, sem lög og reglur LH mæla fyrir.

12. grein

Heimilt er féluginu að vera aðili að almennum samtökum hestamannafélaga í landinu. Félagið er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur, LH og ÍSí. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa á ársþing ÍBR. Á ársþing LH eru formaður, framkvæmdastjóri, stjórn og formenn starfsnefnda sjálfskipaðir. Stjórn velur aðra fulltrúa.

13. grein

Stjórn félagsins er heimilt að stofna deildir innan þess. Deildir innan félagsins eru bundar af lögum þess og skal leitað staðfestingar á deildarstofnun og sérlögum deilda á næsta aðalfundi Fáks. Nefndir félagsins hafa ekki heimild til að skuldbinda félagið fjárhagslega nema með samþykki stjórnar. Starfsnefndir félagsins eru fræðslunefnd, kynbótanefnd, mótanefnd, reiðveganefnd og æskulýðsnefnd.

14. grein

Stjórn félagsins er óheimilt að selja fasteignir þess, kaupa fasteignir eða hefja byggingu þeirra nema samþykki lögmætts félagsfundar komi til. Ef stjórn hyggst leita samþykkis fundar fyrir slíkri ráðstöfun skal geta þess í fundarboði. Stjórn hefur heimild til veðsetningar eigna án þess að bera það sérstaklega undir félagsfund en ávallt skal upplýsa um slíkt á aðalfundi. Heimildir skv. grein þessari skal nota innan tveggja ára frá því þær eru veittar.

15. grein

Stjórn félagsins setur reglur um hagabeit, rekstur hesthúsa félagsins, félagsheimili og aðra starfsemi þess, og skulu þær fást á skrifstofu félagsins.

16. grein

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi, og 2/3 – tveir þriðju - hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna.

Lagabreytingar, sem félagar kunna að vilja bera fram, skulu berast stjórninni eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins og skal geta þeirra í fundarboði. Vilji stjórn félagsins gera tillögur til breytinga á lögum félagsins skal þeirra helstu getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi í heild sinni á skrifstofu félagsins ásamt tillögum félagsmanna viku fyrir aðalfund, sbr. 7. gr.

17. grein

Ef slíta skal féluginu, verður það einungis gert á fundi, þar sem mættir eru minnst 3/4 – þrjú fjórður - hlutar félagsmanna, og verður það þá því aðeins gert, að 2/3 – tveir þriðju - hlutar fundarmanna greiði því atkvæði. Að öðrum kosti skal boða til nýs fundar og verður þá féluginu slitið á löglegan hátt, 2/3 fundarmanna greiða því atkvæði, án tillit til þess, hve margir eru mættir á fundinum. Verði féluginu þannig slitið, skulu eignir þess afhentar einhverri stofnun Reykjavíkurborgar í samráði við Borgarráð til vörslu, þar til nýtt félag með svipuðum markmiðum og Hestamannafélagið Fákur hafði, sbr. 2. gr. verður stofnað í Reykjavík. Skulu eignirnar þá afhentar því félagi til eignar, enda hafi Borgarráð áður kannað vilja og getu hins nýja félags að takast á hendur slíkan rekstur. Þann tíma, sem líða kann frá því að Reykjavíkurborg væru afhentar eignirnar til vörslu, þar til nýju félagi

yrðu afhentar eignirnar smkv. fyriræmum í grein þessari, er Reykjavíkuborg heimilt að nýta eignirnar á hvern þann hátt, sem hentugast þætti að því tilskyldu, að öllum eignum sé haldið eðlilega við.

18. grein

Með lögum þessum eru úr gildi fallin eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi XX.XX.2021.